



Morgunblaðið/Kristinn

Þörfin greind Hulda Björk segir aðstoð Starfsafls hafa breytt miklu um fræðslumálin hjá fyrirtæki hennar.

Fræðslustjóri að láni

● **Samstarfsverkefni SA og Flóabandalagsins býður fyrirtækjum ókeypis ráðgjöf sérfræðings í fræðslumálum starfsmanna**

Starfsafl kallast samstarfsverkefni sem starfrækt er af Samtökum atvinnulífsins og Flóabandalaginu (Eflingu, Verkalýðsfélagi Keflavíkur og Hlíf). Meðal markmiða Starfsafls er að efla starfsmenntun með ýmsum hætti og styrkja einstaklinga og fyrirtæki vegna starfsmenntunar.

Fræðslustjóri að láni kallast eitt verkefnið sem unnið hefur verið undir hatti Starfsafls undanfarin tvö ár og gert mikla lukku. Hulda Björk Halldórsdóttir er sérfræðingur á mannauðssviði verslunar- og þjónustufyrirtækisins N1 sem fyrir skemmstu nýtti sér þennan áhugaverða kost.

Þurftu að gera betur

„Upphafið að þessu var viðhorfskönnun sem við framkvæmdum meðal starfsmanna í vor. Þar kom margt gott fram en hins vegar töldu starfsmenn N1 skólann ekki mæta fræðsluþörfum þeirra sem starfsmanna N1 nógu vel,“ útskýrir Hulda. Hjá N1 er starfræktur svokallaður N1-skóli sem sinnir fræðsluþörfum starfsmanna en löng hefð er fyrir ríkri áherslu á fræðslu og símenntun starfsmanna hjá fyrirtækinu og fyrirrennrum þess. „Það hafði eflaust áhrif að við eins og flestir aðrir þurftum að draga

saman seglin í kjölfar efnahagshrunsins og var starfssemi N1-skólans því í lágmarki á síðasta ári.“

Sérfræðingur lánaður í 50 tíma

Mannauðssviði fyrirtækisins þótti brýnt að bregðast við niðurstöðum könnunarinnar og var ákveðið að N1 nýtti sér aðstoð Starfsafls. „Eins og nafn verkefnisins gefur til kynna lánar Starfsafl fyrirtækinu fræðslustjóra að kostnaðarlausu, í ákveðinn klukkutímafjölda sem tekur mið af fjölda þeirra starfsmanna hjá fyrirtækinu sem eiga aðild að stéttarfélögum Flóabandalagsins,“ segir Hulda en verkefnið hefur fram að þessu náð til 26 fyrirtækja með samtals 2.700 almenna starfsmenn. „Eru um 200 af tæplega 800 starfsmönnum N1 í þessum stéttarfélögum og út á þann fjölda fengum við fræðslustjóra lánaðan í um það bil 50 klukkustundir.“

Það voru kraftar Árnýar Elíasdóttur mannauðsráðgjafa sem fyrirtækið fékk að njóta, en Starfsafl á í samstarfi við úrval sjálfstætt starfandi ráðgjafa með mikla reynslu af fræðslumálum fyrirtækja: „Í upphafi var gerð þarfagreining meðal starfsmanna og stjórnanda sem byggðist á hlutverki og stefnu N1. Hún fór þannig fram að saman byrjuðum við á

viðtölum við ólíka hópa starfsmanna til að fá fram hugmyndir þeirra og óskir um fræðslu ólíkra sviða fyrirtækisins; hvað þeir teldu helst gagnast bæði rekstrinum og þeim sjálfum,“ segir Hulda. „Það sem helst kom á óvart úr þessum fundum var hvað ólíkir hópar starfsmanna voru sammála um hvaða leiðir skyldi fara í fræðslu og þjálfun og hverju fræðslan ætti að skila.“

Stundaskráin klár

Saman settust svo Árný og Hulda yfir niðurstöðurnar og útbjuggu áætlun um framhaldið: „Útkoman var listi með um 80 námskeiðum eða fræðsluþáttum sem passa við þarfir fyrirtækisins og óskir starfsmanna. Á þeim lista byggðum við stundaskrá N1-skólans fyrir veturinn. Þar er meðal annars lögð mikil áhersla á innanhúspjálfun og að starfsmenn þjálfí hverjir aðra á sínum vinnustað,“ segir hún. „Eftir á að hyggja voru það mistök að draga úr starfi N1-skólans í sparnaðarskyni enda ljóst að þörfin og viljinn til að bæta við sig þekkingu er mikill hjá starfsmönnum.“